

Nefnarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 1998

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er staðfestur samningur milli ríkisvaldsins og Bændasamtaka Íslands um mjólkurframleiðslu.


Neytendasamtökin hafa ítrekað gagnrýnt þá stýringu og ofstjórn sem er innan hefðbundinna búgreina. Lögjafarvald og stjórnvöld hafa í reynd fallist á þessa gagnrýni með því að auka eðlilega markaðstengingu þessarar framleiðslu og þar með aukna samkeppni innan þessara greina. Þetta gengur hins vegar allt of hægt og þá ekki síst innan mjólkurframleiðslunnar. Þar ríkir ofstjórn með kvótum og verðlagningar- aðferðum hjá framleiðendum og einokun á vinnslu- og heildsölustigi.

Afleiðing þessarar ofstjórnar er sú að eldri og rótgrónari bændur hafa getað komið ár sinni vel fyrir borð, en yngri bændur lepja dauðan úr skel og gefast upp umvörpum. Þá er kvóti þeirra falur og er það rannsóknarefni hve stór hluti beingreiðslna fer í dag til kvótakaupa. Minnt er á að beingreiðslurnar voru teknar upp í stað niðurgreiðslna til að lækka verð til neytenda. Á sama tíma eru mjólkurvörur seldar á ívið hærra verði hér en í nágrannalöndum okkar flestum og það þrátt fyrir að Alþingi hefur tekið ákvörðun um að greiða helmimg framleiðslukostnaðar hjá mjólkurbændum, þar með talin laun, með beingreiðslunum. Hagræðing innan mjólkurframleiðslunnar hefur þannig að mestu misheppnast þar sem niðurgreiðslur til þessarar greinar eru miklu meiri en hjá nágrannaþjóðum okkar.

Neytendasamtökin geta ekki mælt með frumvarpi sem staðfestir ástand eins og hér er lýst.

Beðist er velvirðingar á að hve seint þessi umsögn er send, en við vonum að hún fái eðlilega umfjöllun í nefndinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður